

14. mars 2016 kl: 17:00



**Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla ásamt aðilum  
úr stjórn SAMTAKA.**

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Ásrún Hersteinsdóttir. Fjarverandi; Ellert Guðmundsson og Lilja Gísladóttir.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. Kynning á starfi SAMTAKA. Heimir E. Jóhannsson kynnti starf og hugmyndir SAMTAKA. Mikil starfsemi í gangi hjá samtökunum, m.a. rætt um fyrirkomulag á kynningum í grunnskólum bæjarins á fyrirhuguðu foreldrarölti sem stefnt er á að hefjist við upphaf næsta skólaárs. Einnig skapaðist töluverð umræða vegna umhirðu á sparkvöllum við skólana og eru samtökin með fingurna á púlsinum í þeirri vegferð.
2. Staða Foreldrafélagsins er góð hvað fjárhag varðar. Ella ætlar að kanna hvort leiksýningin um Gísla Súrsson sé áhugaverð til að bjóða nemendum upp á, á miðstigi.
3. Bækur og spil. Hugmynd kom upp um að foreldrafélagið keypti bækur og spil til að gefa skólanum á bókasafnið og í Dimmuborgir. Jafnvel að fá nemendur á hverju stigi fyrir sig til að koma með hugmyndir af þeim bókum og spilum sem keypt verða.

Næsti fundur verður mánudaginn 11. apríl klukkan 19:30.

Fundi slitið kl. 18:30.

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir